



Alþingi
Erindi nr. P 132/873
komudagur 15.2.2006

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 14. febrúar 2006

Tilvísun: 2006010295

50.03

Alþingi
Nefnasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um siglingalaga, 376. mál

Vísað er til bréfs samgöngunefndar frá 26. janúar sl. þar sem óskað var umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn er sammála því að þörf sé á að rýmka gildissvið 238. gr. laganna.

Ríkislögreglustjórinn setur þó fram fyrirvara varðandi ákvæði 4. og 5. mgr. er lýtur annars vegar að meðferð lögregluvalds sem lið í rannsókn opinbers máls og hins vegar varðandi hugtakanotkun er tengist mælingu áfengismagns. Í þessu sambandi bendir ríkislögreglustjórinn á að samkvæmt yfirliti á vef alþingis um umsagnaraðila frumvarpsins þá virðist frumvarpið ekki hafa verið sent ríkissaksóknara. Að mati ríkislögreglustjórans er nauðsynlegt að nefndin leiti eftir álitum ríkissaksóknara varðandi fyrirhugaðar breytingar enda embættið æðsti handhafi ákærvalds og fer lögum samkvæmt með eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk varðandi rannsóknir opinberra mála.


Varðandi hugtakanotkunina þá ber að geta þess að þann 12. september 2003 setti ríkislögreglustjóri, í samráði við ríkissaksóknara, reglur um töku öndunarsýna til rannsóknar á áfengisáhrifum (umferðalög). Samkvæmt reglunum þá er s.k. **öndunarpróf** forpróf sem gefur til kynna hvort áfengi finnist í útöndunarlofti og er niðurstaðan mæld í prómillum (%). Ef ökumaður bifreiðar mælist með 0,45 ‰ eða meira vínandamagn í lofti skal færa hann til töku á öndunarsýni eða blóðsýni. **Öndunarsýni** er rannsókn sem framkvæmd er af lögreglu skv. 3. mgr. 47. umferðalaga nr. 50/1987 til að mæla vínandamagn í útöndunarlofti ökumanns eða annarra skv. 92. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Niðurstaða öndunarsýnis er mæld í milligrömmum í hverjum lítra lofts. Af þessu er ljóst að ekki ber sama hugtakanotkun í frumvarpinu og þeim mælitækum sem notuð eru af lögreglu til ákvörðunar áfengismagns.

Þá eru einnig gerðar athugasemdir við það sem kemur fram í fylgiskjali varðandi kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins. Ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt þá er ljóst að Landhelgisgæslan og tollayfirvöld þurfa að kaupa viðeigandi búnað og þjálfa starfsfólkið í notkun hans.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Ríkislögreglustjórinn vonast til þess að eiga kost á að koma fyrir nefndina og gera frekari grein fyrir sjónarmiðum embættisins.

F.h. RLS


Steinar Adolffson